

Gunnlaugur Stefánsson, formaður stýrihópsins.

Stýrihópur um losunarheimildir á koltvísýringi í flugi.

Áætlun ESB um að fella flugið inn í tilskipun um viðskiptakerfi með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (kvótakerfi) stefnir á að draga úr vexti flugstarfseminnar með því að beina flutningum inn á vistvænni samgönguleiðir og hvetja til tækninýjunga í flugi, flugleiðsögu og hagræðingar í rekstri til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Vöxtur flugsins í Evrópu er ör og jókst losun gróðurhúsalofttegunda af þess völdum um 7.5% á milli árána 2003-2004 og hafði hlutur þess aukist um 87% á árunum 1990-2004.

Því er spáð að flugumferð muni ríflega tvöfaldast milli árána 2005-2020. Með því að taka flugið til og frá öllum EES flugvöllum inn í kvótakerfið sparist árið 2020 samtals 182 milljón tonn af CO₂, sem er 46% minnkun miðað við að ekkert hafi verið að gert.

Náðst hefur mikill árangur í losun gróðurhúsalofttegunda í flugi í heiminum. Á 40 árum nemur samdrátturinn umreiknað í farþegakílómetra 70%. Áætlað er að flugflotinn árið 2020 muni losa 50% minna en hann gerir í dag.

Stjórn, skipulag og framkvæmd kvótakerfisins verður í höndum ESB, en umsjón og eftirlit í íslenskum höndum.

Viðbótarkostnaður fyrir íslenskan flugrekstur vegna losunarheimilda gæti orðið 2.6-7.9 milljarðar á ári á tímabilinu 2012-2020 miðað við 2.7% árlega aukningu í eldsneytisnotkun .

Stefnt er að nýta arðinn af kvótakerfinu til baráttunnar gegn losun gróðurhúsalofttegunda.

Árið 2005 samsvararaði útblástur af CO₂ í flugi íslenskra flugvéla í Evrópu 14 álverum með 180 þúsund tonna álframleiðslu. Árið 2007 dróst útblásturinn saman um helming..

Bein og afleidd áhrif flugsamgangna á íslenskan þjóðarbúskap er um 5.5%. Það er umtalsvert hærra hlutfall en í flestum Evrópuríkjum og Bandaríkjunum.

Gera má ráð fyrir að kvótakerfið dragi úr eftirspurn eftir íslensku flugi um 2.5-5% á ári.

Sérstaða Íslands er skýr, en á undirbúningsstigi er ekki gert ráð fyrir undanþágum til að koma til móts við sérstakar aðstæður, þó þær gætu raskað samkeppnisumhverfi í flugrekstri á EES svæðinu.

Fyrirhugað er að flugið falli undir kvótakerfið árið 2011 eða 2012. Árið 2009 yrði viðmiðunarár vegna úthlutunar ókeypils losunarheimilda, sem verða í upphafi 87-100% af heildarlosun á svæðinu árin 2004-2006. Árið 2020 (jafnvel fyrr) verða allar losunarheimildir á uppboði.